



Fundargerð

**148. fundur svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs,
haldinn Ráðhúsinu á Höfn á fjarfundi, mánudaginn 6. október kl. 10:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Friðla Árnadóttir, formaður, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Þóra Björg Gísladóttir, varaformaður, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Friðrik Jónas Friðriksson, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Lilja Jóhannesdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka
Guðrún Inga Bjarnadóttir, aðalfulltrúi útivistarsamtaka
Tinna Rut Sigurðardóttir, aðalfulltrúi ferðamálasamtaka

Hrafnhildur Ævarsdóttir, þjóðgarðsvörður í Skaftafelli
Þórhallur Jóhannsson, starfandi þjóðgarðsvörður á suðaustursvæði, Höfn
Charlotte Emma Jadwiga Brzeski, aðstoðarþjóðgarðsvörður á suðasustursvæði
Linda Björk Hallgrímsdóttir, aðstoðarþjóðgarðsvörður í Skaftafelli
Inga Dóra Hrólfsdóttir, sviðstjóri á landvörlsusviði
Helga Árnadóttir, verkefnastjóri á stjórnunar og verndarsviði

1. Jökulsárlón - Nýtt deiliskipulag - 202506-0103

Helga Árnadóttir, verkefnastjóri á stjórnunar- og verndarsviði, kom til fundar og kynnti framlögð drög að verkefnis- og matslýsingu fyrir breytt deiliskipulag fyrir Jökulsárlón.

Svæðisráð þakkar fyrir kynningu á stöðu við vinnu á breyttu deiliskipulagi fyrir Jökulsárlón og næstu skref í því ferli. Svæðisráð samþykkir að halda áfram með ferlið og vísa í umfjöllun til sveitarfélagsins.

Helga fór af fundi.

2. Samstarfsverkefni - Zero-emission UNESCO Waterways - 202510-0003

Charli Brzeski, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar kynnti verkefnið Zero-emissions UNESCO Waterways. Verkefnið er samstarfsverkefni milli tveggja UNESCO-vottaðra svæða, Sunnhordland GeoPark í Noregi og Vatnajökulspjóðgarðs á Breiðamerkursandur. Verkefnið mun fara fram frá október 2025 til júní 2026. Markmið verkefnisins er að gera ferðir ferðamanna á vatnaleiðum á UNESCO-vottuðum svæðum sjálfbærari.



Til upplýsinga. Svæðisráð þakkar fyrir kynningu á verkefninu. Jafnframt lýsir svæðisráð yfir ánægju sinni með þetta mikilvæga verkefni.

3. Skaftafell - innviðauppbýgging - 202509-0030

Þjóðgarðsvörður í Skaftafelli fór yfir uppbyggingu innviða sumarið 2025 ásamt fyrirhuguðum framkvæmdum.

Svæðisráð þakkar yfirferð á innviðauppbýggingu af hálfu landvarða og sjálfbóðaliða í Skaftafelli sumarið 2025 ásamt kynningu á mögulegum verkefnum úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða.

4. Suðursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarða 2025 - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0073

Þjóðgarðsverðir fóru yfir stöðu mála á svæðunum.

Þjóðgarðsvörður á Höfn fór yfir starfsemina á svæðinu inn í haustið. Hvernig íshella- og jöklaferðir fara af stað, ráðningum á vetrarlandvörðum er að mestu lokið, heimsókn sendiherra Noregs, stöðuna á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hoffellsslambatungur. Framkvæmdir á svæðinu og verkefni landvarða inn í veturinn. Sótt hefur verið um í Landsáætlun fyrir næsta ár. Fræðslutímabilinu er lokið, gekk vel og komu yfir 800 manns í fræðslu á Jökulsárlóni og Fjallsárlóni. Þjóðgarðsvörður upplýsti líka um það að hann hefur þegið starf aðstoðarþjóðgarðsvarðar á austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Ekki er vitað hvenær hann mun fara í nýtt starf.

Þjóðgarðsvörður í Skaftafelli fór yfir starfsemina síðasta mánuðinn. Starfsfólki er farið að fækka með haustinu og miklar rigningar hafa herjað á svæðið og innviði. Nýjar brýr og göngupallar hafa staðið af sér misviðrið en timburbrú við Svartafoss er illa á sig komin en viðgerðir standa yfir. Fjölgun hefur orðið á gestafjölda árið 2025, sér í lagi á jaðartímum, bæði á svæðinu í heild sinni og tjaldsvæðinu. Metfjöldi gesta gekk að Svartafossi í ágúst mánuði, eða 33.101 gestur.

Samráðsfundur var haldinn með samningshöfum um íshellaferðir og jöklagöngur á Hrollaugsstöðum 18. september síðastliðinn og gekk vel.

Inga Dóra Hrólfsdóttir, sviðsstjóri á landvörslusviði, fór yfir vinnu framundan við gerð rekstraráætlun Náttúruverndarstofnunar.

Svæðisráð þakkar góða yfirferð.

Svæðisráð þakkar Þórhalli fyrir vel unnin störf í þágu suðursvæðis og óskar honum velfarnaðar á nýjum stað.

Formaður lagði til að 5. dagskrálið yrði bætt við fundardagskrá með afbrigðum, samþykkt samhljóða.

5. Staða þjóðgarðsvarðar á austurhluta suðursvæðis - 202508-0012

Í fundarlið 4 var upplýst um að starfandi þjóðgarðsvörður á Höfn hefði verið ráðinn til starfa á austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Staða þjóðgarðsvarðar á Höfn hefur enn ekki verið auglýst.

Þann 2. desember 2024 á 138. fundi sínum lýsti svæðisráð yfir áhyggjum af áhrifum sem sameining stofnana fæli í sér á starfsemi rekstrarsvæðisins. Svæðisráð hvatti stjórnendur Náttúruverndarstofnunar til þess að tryggja að fjöldi starfsfólks yrði áfram í samræmi við verkefnaálag svæðisins.

Á 144. fundi sínum, þann 30. júní 2025, var svæðisráði tilkynnt að þjóðgarðsvörður á Höfn hefði sagt starfi sínu lausu og á 145. fundi sínum þann 11. ágúst 2025 óskaði svæðisráð eftir kynningu á skipuritsbreytingum sem talið er að þurfi að ljúka við, áður en starfið yrði auglýst.

Svæðisráð hefur enn ekki fengið kynningu á þessum fyrirhuguðu breytingum en ítrekar þá ósk sína. Þá ítrekar svæðisráð þá afstöðu sína að auglýsa þurfi stöðu þjóðgarðsvarðar á Höfn sem allra fyrst, enda sé það hlutverk svæðisráðs, skv. 8. grein laga um Vatnajökulspjóðgarð að gera tillögu að ráðningu þjóðgarðsvarðar á viðkomandi rekstrarsvæði.

Fundargerð ritaði: Hrafnhildur Ævarsdóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 12:00.